

6. gr.

90

7. júní

Ársreikningur slysatryggingarinnar skal endurskoðast af tveimur mönnum, er landsstjórnin nefnir til, og hún úrskurðar og kvittar fyrir reikninginn.

**Í stjórnarráði Íslands, 7. júní 1918.**

**Sigurður Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*

## Reglugjörð

91

11. júní

**um sölu og útflutning á íslenskum afurðum frá árinu 1918.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 6, 8. febrúar 1917, um heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggingar aðflutningum til landsins, eru hjer með sett eftirfarandi fyrirææli.

1. gr.

Skylt er kaupmönnum, fjelögum, útgjörðarmönnum og öðrum að bjóða útflutningsnefnd þeirri, sem skipuð var af stjórnarráðinu 3. þ. m., til söluráðstafana eftirgreindar íslenskar afurðir, sem framleiddar eru á yfirstandandi ári, og eigi þurfa beinlínis til heimanotkunar hjer á landi:

1. fiskur allskonar,
2. síld,
3. lýsi,
4. þorskahrogn,
5. fisk- og síldarmjöl,
6. kindakjöt,
7. ull,
8. gærur.

Bjóða skal útflutningsnefndinni greindar afurðir eins fljótt og auðið er, og ekki síðar en tveim mánuðum eftir að framleiðslu þeirra er að fullu lokið.

## 91

11. júní

## 2. gr.

Bannað er kaupmönnum, fjelögum, útgjörðarmönnum, svo og einstökum mönnum, að flytja til útlanda eða selja til útlanda eða gjöra samninga um sölu til útlanda á íslenskum afurðum, sem greindar eru í 1. gr. þessarar reglugjörðar og framleiddar hafa verið eða framleiddar verða á yfirstandandi ári.

## 3. gr.

Afurðir þær, sem greindar eru í 1. gr. reglugjörðar þessarar og framleiddar hafa verið á yfirstandandi ári og eigi þurfa beinlínis til heimanotkunar hjer í landi, má enginn hafa í vörslum sínum hinn 28. febrúar 1919, nema um boðsmaður stjórna Bandamanna eða útflutningsnefnd.

Ennfremur er að sjálfsögðu vítalaut að geyma umræddar afurðir fyrir umboðsmann stjórna Bandamanna eða útflutningsnefnd.

## 4. gr.

Nú vill eigandi eða umráðamaður afurða þeirra, sem greindar eru í 1. grein þessarar reglugjörðar og framleiddar eru á yfirstandandi ári, ekki selja þær því verði og með þeim skilmálum, sem síðar verða auglýstir af útflutningsnefnd, og skulu þá afurðirnar teknar eignarnámi.

## 5. gr.

Útflutningsnefnd auglýsir á þann hátt sem hentugast þykir, nánari fyrir- mæli og reglur um sölu, söluskilmála og söluframboð á afurðum þeim, sem reglu- gjörð þessi ræðir um.

## 6. gr.

Lögreglustjórar skulu, hver í sínu umdæmi, hafa stöðugar gætur á því, að fyrirmælum reglugjörðar þessarar sje stranglega fylgt, og ber þeim að til- kynna stjórnarráðinu tafarlaust með símskeyti þegar uppvist verður um brot gegn fyrirmælum hennar. Skulu þeir þegar í stað gjöra nauðsynlegar ráðstaf- anir til þess að komast fyrir ætluð brot og hefja rannsókn út af brotum, eins fljótt og fært þykir.

## 7. gr.

Brot gegn ákvæðum 1., 2. og 3. gr. reglugjörðar þessarar varða sektum, alt að 500,000 kr. Enn fremur skal jafnað, auk sektar, greitt tvöfalt andvirði af- urða þeirra, sem ekki eru boðnar útflutningsnefnd til söluráðstafana eða fluttar

til útlanda eða reynt að flytja til útlanda eða seldar til útlanda eða gjörðir samningar um sölu til útlanda eða eru í vörslum manna eða fjelaga 28. febrúar 1919, 11. júní og eru allar slíkar afurðir að veði fyrir sektunum. **91**

## 8. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þessari skal fara sem almenn lög-reglumál.

Áður en dómari úrskurði sektir, án þess að mál fari fyrir dóm, skal málið borið undir stjórnarráðið.

## 9. gr.

Verði ágreiningur um skilning á ákvæðum reglugjörðar þessarar, sker stjórnarráðið úr ágreiningnum.

## 10. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað og fellur jafnframt úr gildi reglugjörð um ráðstafanir til að tryggja verslun landsins frá 22. apríl þ. á., svo og auglýsing útg. 24. maí þ. á.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

**Í stjórnarráði Íslands, 11. júní 1918.**

**Sigurður Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*

## **Reglugjörð**

**um innflutning á vörum.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 6, 8. febrúar 1917, um heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggingar aðflutningum til landsins, eru hjer með sett eftirfarandi fyrirmæli:

**92**  
11. júní